

**Íslandsmeistaramót** EFSA Íslands í sjóstöng í bátakeppni verður haldið föstudaginn 29. maí og laugardaginn 30. maí frá Ólafsvík. Keppnin er stigamót þar sem keppt er til Íslandsmeistara EFSA Ísland 2020. Keppt verður eftir keppnisreglum í bátakeppni 2020. Mótið er undirbúningsmót fyrir Evrópumótið í tegundaveiði, sem haldið verður í maí 2021. Þorskur og ufsi gefa stig.

### Dagskrá Íslandsmeistaramóts:

**Fimmtudagur 28. maí.** Mótssetning kl. 20:00. Mótsgögn afhent.

**Föstudagur 29. maí.** Kl. 06:30 keppendur mæta á bryggju. Kl. 07:00 lagt úr höfn. Kl. 08:00 veiðar hefjast. Kl. 14:00 veiðum hætt. Kl. 16:00 bátar skulu vera komnir að bryggju.

**Laugardagur 30. maí.** Kl. 06:30 keppendur mæta á bryggju. Kl. 07:00 lagt úr höfn. Kl. 08:00 veiðar hefjast. Kl. 14:00 veiðum hætt. Kl. 16:00 bátar skulu vera komnir að bryggju.

Skrifað af Administrator  
Þriðjudagur, 12 Maí 2020 21:42 -

---

Þátttökugjald og skráning. Félagsmenn EFSA Íslands greiða ekkert keppnisgjald. Utanfélagsmenn greiða keppnisgjald 11.000 kr. fyrir hvern keppnisdag. Skráning hjá Þóri Sveinssyni sími 896 3157, netfang: thosve@snerpa.is eða hjá Helga Bergssyni sími 867 3601, netfang: salo@simnet.is. Skráningarfrestur er til mánudagsins 25. maí 2020. Mótsstjórn skipar stjórn EFSA Ísland.

Stigagjöf. Þorskur og ufsi telja til stiga; þorskur/ufsi 0-55 cm að lengd gefur 2 stig, þorskur/ufsi 56-75 cm 7 stig, þorskur/ufsi 76-100 cm 14 stig, þorskur/ufsi 101 cm og stærri 24 stig. Allir aðrir fiskar gefa 0 stig. Ótakmörkuð veiði.

**Innanfélagsmót** EFSA Íslands í sjóstöng í léttlínukeppni verður haldið sunnudaginn 31. maí frá Ólafsvík. Keppnin er stigamót og keppt eftir keppnisreglum í bátakeppni EFSA HQ. Veitt verður með 15 punda línu sem félagið útvegar keppendum frítt og heimilt er að veiða með einum króki. Þorskur og ufsi gefa stig.

## Dagskrá Innanfélagsmóts:

**Sunnudagur 31. maí.** Kl. 06:30 keppendur mæta á bryggju. Kl. 07:00 lagt úr höfn. Kl. 08:00 veiðar hefjast. Kl. 14:00 veiðum hætt. Kl. 16:00 bátar skulu vera komnir að bryggju. Kl. 20:00 verðlaunaafhending og lokahóf.

Pátttökugjald og skráning. Félagsmenn EFSA Íslands greiða ekkert keppnisgjald. Utanfélagsmenn greiða keppnisgjald 11.000 kr.

Skráning hjá Þóri Sveinssyni sími 896 3157, netfang: thosve@snerpa.is eða hjá Helga Bergssyni sími 867 3601, netfang: salo@simnet.is. Skráningarfrestur er til kl. 20:00 mánudaginn 25. maí 2020.

Stigagjöf. Þorskur og ufsi gefa stig. Sama stigagjöf eins og í Íslandsmeistaramótinu 29. og 30. maí 2020.

Skrifað af Administrator

Þriðjudagur, 12 Maí 2020 21:42 -

---

Mótsstjórn skipar stjórn EFSA Ísland.